

Selfossi 07.06.2021

**Berist til:**

Sveitastjórnar og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Árnesi  
804 Selfossi

**Efni:**


Kynning á NPA Setri Suðurlands.

NPA Setur Suðurlands ehf. var stofnað í ársbyrjun 2020 með það að markmiði að hafa umsýslu með NPA samningum á Suðurlandi og veita ráðgjöf um málefni fatlaðs fólks, óháð landshlutum. Félagið hóf formlega starfsemi sína í upphafi árs þegar félaginu var falin umsýsla með tveimur NPA samningum. Það sem af er árinu höfum við unnið að því að byggja undir félagið sterkar stoðir og hanna verkferla sem eiga að hámarka gæði þjónustunnar og gera NPA Setur Suðurlands að eftirsóttum vinnustað og fengum við styrk úr Uppbyggingarsjóði SASS vegna þeirrar vinnu.


Á heimasíðu okkar [npasetur.is](http://npasetur.is) er að finna allar helstu upplýsingar um félagið og stjórnendur þess og hvetjum við kjörna fulltrúa og stjórnendur til að kynna sér hana. Einnig óskum við eftir að fá að koma inn á fund sveitarstjórnar ykkar með stutta kynningu á félaginu og hugmyndafræðinni um NPA og mikilvægi þjónustunnar er kemur að lífsgæðum þeirra sem hennar njóta.

Væntum þess að heyra frá ykkur.

Virðingarfyllst



Hafdis Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.



Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir, mannauðsstjóri.